**Ed.** **75. Breytingartillögur** [4. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 1. gr.

1. Framan við greinina bætist:
   a. Í stað „að Hábæ í Þykkvabæ“ í A. 32 kemur: um Miðkot að Unhól í Þykkvabæ.
   b. Í stað „að Reykholtsdalsvegi“ í B. 14 kemur: á Borgarfjarðarbraut í Reykholtsdal.
   c. Liðurinn B. 21 orðist svo:
      *Hvítársíðuvegur:* Af Kleifavegi inn Hvítársíðu að Fljótstungu.
   d. Á eftir B. 21 kemur nýr liður:
      *Hálsasveitarvegur:* Af Hvítársíðuvegi undan Gilsbakka, yfir brú á Hvítá hjá Barnafossi og að Reykholti.
   e. B. 46 skal orða svo:
      *Kaldrananesvegur:* Af Reykjarfjarðarvegi í Bjarnarfirði að Kaldrananesi.
   f. Í stað „að Árnesi“ í B. 47 komi: um Árnes að Eyri í Ingólfsfirði.
2. Á eftir b-lið greinarinnar kemur nýr stafliður:
   Í stað „að Gemlufalli við Dýrafjörð“ í B. 54 kemur: að ferjustað við Dýrafjörð undan Gemlufalli.
3. Aftan við greinina bætist:
   a. Í stað „að Sveinseyri“ í B. 66 kemur: um Sveinseyri að Stóra-Laugardal.
   b. Á eftir „Tungusveit“ í C. 14 bætist: Goðdali.
   c. Í stað „Ríp“ í C. 17 kemur: um Ríp að Eyhildarholti.
   d. Í stað „að Sandvík í Bárðardal“ kemur: um Sandvík að Bjarnastöðum.
   e. Á eftir D. 6 kemur nýr liður, er orðist svo:
      *Jökuldalsvegur eystri:* Af Jökuldalsvegi hjá Hákonarstöðum, yfir Jökulsá og út Jökuldal að austan á Austurlandsveg nálægt Þrívörðum í Heiðarenda.
   f. Á eftir D. 8 kemur nýr liður, er orðast svo:
      *Kirkjubæjarvegur:* Af Hróarstunguvegi nyrðri hjá Stórabakka, um Hallfreðarstaði og á Hróarstunguveg eystri hjá Kirkjubæ.
   g. Á eftir D. 11 kemur nýr liður, er orðast svo:
      *Seyðisfjarðarvegur nyrðri:* Frá Seyðisfirði að Brimnesi.